



## Fundargerð stjórnar LSS

<b>Fundarstjóri:</b> Stefán Pétursson, formaður LSS.	<b>Fundur nr. 262</b>
<b>Fundarritari:</b> Hermann Sigurðsson	<b>Reykjavík, 07.02.18</b>
<b>Mættir:</b> Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS. Jón Pétursson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna, var undir lið 1-4 og sat undir lið 7, heimsókn lögfræðings. Lárus Steinþór Björnsson, varaformaður LSS. Magnús Smári Smáráson, ritari LSS. Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Stefán Pétursson, formaður LSS.	<b>Fundarstaður:</b> <b>Brautarholt 30 105 Reykjavík</b>  <b>Frá kl. 09:20</b>  <b>Til kl. 13:20</b>
<b>Fjarverandi:</b>  Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra.	
<b>Gestur:</b> Guðni Á. Haraldsson, hrl. undir lið 7.	

### Dagskrá:

Nr	Fundarefni	Ábyrgð
1.	<b>Setning</b> SP setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	SP
2.	<b>Fundargerð síðasta fundar</b> Lögð var fram fundargerð ritnefndar LSS og hún samþykkt. Aðrar fundargerðir frá Eldvarnarbandalaginu, 112 deginum, fagráði Brunamálaskólans, orlofsnefndar, Samráðsnefndar (SNS) og krabbameinsnefndar voru lagðar fram.	SP
3.	<b>Inntaka nýrra félaga</b> Engir nýir félagar skráðir.	SP
4.	<b>Starfið á milli funda</b> Framkvæmdastjóri lagði fram stjórnaryfirlit frá starfsmönnum um þeirra störf vegna janúarmánaðar. Yfirlitið var sett á heimasíðu félagsins og var sent á stjórn LSS og fulltrúa þess.  SP: Formaður fór yfir starf sitt á milli funda: <ul style="list-style-type: none"><li>• Erindi sent á réttindanefnd ,</li><li>• Sjónvörpsviðtali vegna hótana í garð eldvarnareftirlitsmanna, grein á vísi.is vegna sama máls,</li></ul>	Allir SP



- Undirritun samkomulags vegna langtíma rannsóknar á andlegri líðan slökkvi og sjúkra,
- Samskipti við félagsmenn vegna kjaramála.
- Fundur með Krabbameinsnefnd.
- Deildarfundur með HSU og BÁ - kynning á LSS og framtíðinni.
- Ályktun vegna Tröllaskaga.
- Undirbúningur vegna deildafunda.

## NP: Fagdeild sjúkraflutningamanna

- Sjúkrabílar. Ákvörðun verður tekin á næstu vikum af ráðuneytinu og búið að upplýsa fagráð sjúkraflutningaskólans um það.
- Unnið er áfram að söfnunarátaki vegna kennslu- og þjálfunarsjúkrabíls. Fyrirhugaður er fundur með Hjartaheill og Lions. Beðið er viðbragða frá Wowair. Ræsir og Damler verksmiðjurnar hafa lofað hagstæðum kjörum á Benz Sprinter.
- Vinnuferlar: Yfirlæknir er að útdeila völdum vinnuferlum til valinna aðila til yfirferðar. Styttist í að fyrstu ferlar líti dagsins ljós ! Formaður fagdeildar ýtir þessum málum fast eftir.
- Rafræn sjúkraskrá: Óvænt bakslag vegna fráhrarfs fyrirtækis í USA frá samningaviðræðum. Yfirlæknir þegar útskýrt opinberlega fyrir stéttinni. Nýjasta hugmynd er að smíða heima forrit vegna þekkingar sem skapast hefur. Ólafur Kr. Hjá SHS er tengiliður. Formaður fagdeildar bíður með eftir væntingu að sjá framvindu mála!
- Fyrirhugaður fundur hjá stjórn fagdeildar þann 15. febrúar næstkomandi. Þar verður m.a. mála rætt sérstaklega vettvangsliðar, stefna LSS þar að lútandi og fréttaumfjöllun. Þetta er hárfín lína og fagdeildarmenn gagnrýnt að fá ekki aðkomu að stefnu LSS. Vonir standa til að frkv.stjóri og formaður LSS sitji fundinn og þetta mál klárað á farsælan hátt.
- Formaður fagdeildar hefur tekið þátt í mánaðarlegum skype fundum vegna „International Paramedic“ . Alþjóðleg samtök sjúkrafl.manna/bráðatækna sem verið er að endurvekja. Frkv.stj. látið í té reglugerð samtakanna. NP er fulltrúi LSS.
- Bráðatæknar, próf í sjúkraflutningaskólanum. Niðurstaða Landlæknis og heilbrigðisráðuneyti upplýstu um prófið sem sjúkraflutningaskólinn er að keyra kalli á reglugerðarbreytingar og hefur því prófið verið sett á ís í bili á meðan það er verið að útfæra reglugerðina.

## JP: Fagdeild slökkviliðsmanna

- Deildarfundur hjá HSU og BÁ.



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tveir vinnufundir og kynningarfundur vegna krabbameinsverkefnis.</li> <li>• Vinna úr efni frá „Á vakt fyrir Ísland 2017“.</li> <li>• Viðræður um innleiðingu á PLIVO á Íslandi.</li> <li>• Undirbúningur fyrir fagdeildarfund 14. febrúar.</li> </ul> <p>LSB. Undirbúningur fyrir þing LSS, búa til vinnuferla. Undirbúningur og framkvæmd samráðsnefndarfundar(SNS).</p> <p>MSS. Undirbúa lagabreytingar. Gerði drög að ferli vegna viðburða og útgáfu slökkviliðsmannsins.</p> <p>ÁP. Kom að ársuppgjöri og fjármálum. Gerði drög að ferli fyrir uppáskrift reikninga.</p>	
5.	<p><b>Landsping LSS</b> Undirbúningur fyrir þingið er hafið. Lagður var fram tékklisti um helstu verkefni fram undan.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Sent var bréf til fulltrúa LSS um kosningu trúnaðarmanna LSS. GH gerði grein fyrir stöðu kosninga.</li> <li>- Formenn hringdu í nokkra fulltrúa og fylgdu eftir erindi stjórnar.</li> <li>- Þing LSS verður haldið 27. – 28. apríl í sal BSRB. Kvöldgleðin verður auglýst síðar.</li> <li>- Búið er að virkja kjörnefnd. Búið var að skipa fyrr á tímabilinu. Hana skipa: Anton Berg Carrasco SA, Jörgen Valdimarsson SHS og Júlíus Albertsson SF.</li> <li>- Stjórn skipar eftirfarandi aðila í uppstillinganefnd og taka þeir til starfa strax. LSB er falið að senda tilnefningar á stjórn til samþykkis í tölvupósti.</li> <li>- MSS kynnti lagabreytingar. Þær helstu: Breyting á atkvæðavægi þingfulltrúa á aðalþingi, deildir félagsins, lögmæti stjórnarfundar, félagsgjald og samningsréttargjald LSS og ræddar breytingar á fagdeild slökkviliðsstjóra í fagdeild stjórnenda og að lokum um kosningar í stjórn og fagdeilda félagsins. Stjórn samþykkir þessar breytingar fyrir sitt leiti. MSS er falið að vinna málið áfram.</li> <li>- Dagskrá þingsins. LSB kynnti drög að dagskrá.</li> <li>- Gestalisti. LSB lagði fram lista af gestum og hann samþykktur.</li> <li>- Þingforsetar. Í vinnslu.</li> <li>- Heiðursmerki. Koma þarf merkjum í framleiðslu. LSB er falið að taka saman lista og taka fyrir á næsta fundi.</li> <li>- Framboð. Stjórn samþykkir að allir frambjóðendur til stjórnar þurfi að bjóða sig fram 35 dögum fyrir þing, sömuleiðis formenn fagdeilda. Það er mat stjórnar að þetta rúmist innan laga félagsins.</li> </ul>	LSB
6.	<b>Fjármál - Ársuppgjör og staða sjóða.</b>	ÁP



	Farið var yfir sjóðsstöðu félagsins. Staða félagsins er í jafnvægi. Stjórn samþykkti að leggja 7M inn á lán á Grandavegi. Stefnt að því að klára ársreikninga til undirritunar í byrjun mars. ÁP lagði fram tillögu að ferli fyrir greiðslu reikninga. Ferlið var samþykkt eftir umræðu.	
7.	<b>Kjaramál</b> Lögfræðingur LSS kom í heimsókn og fór yfir þau mál sem voru í vinnslu hjá honum. Farið var ítarlega um ákveðin mál sem tengjast heildarhagsmunum félagsins. Ný mál: 13 mál skráð. Mál í vinnslu: 18 mál skráð. Málum lokið: 7 mál skráð.	SP/LSB
8.	<b>Heimsókn stjórnar til deilda LSS breytt í fulltrúaráðsfund</b> Búið var að fara á einn deildarfund hjá HSU og BÁ og gekk vel. Næsti fundur verður á Suðurnesjum. SP lagði til að næsti fundur yrði kláraður en annars yrði heimsókn stjórnar til deilda LSS yrði hætt og þess í stað yrðu fyrstu fulltrúum LSS boðið hingað á fund. Sömu markmið og áherslur ásamt yfirferð um lagabreytingar og stöðu ályktana. Samþykkt. Formönnum falið að finna dagsetningu og boða fundinn.	SP
9.	<b>Önnur mál</b> <ol style="list-style-type: none"> <li>Krabbameinsráðstefnan. Erindi frá nefndinni um aukinn styrk í mat. Stjórn hafnar frekari fjárstuðning í verkefnið en óskar skipuleggjendum góðs gengis. Breytingar á fjárhagsáætlun lögð fram til upplýsingar. Áætlun réttu megin við núllið og því engar athugasemdir.</li> <li>112 dagurinn. Stjórn LSS er boðið að taka þátt í 112 deginum, sunnudaginn 11. febrúar, kl. 15 í Flóa í Hörpu. Þar mun formaður LSS m.a. veita verðlaun í eldvarnargetrauninni og skyndihjálparmaður ársins vera útnefndur. Fulltrúi LSS í þeirri nefnd er varaformaður LSS. GH er búin að boða vinningshafa í móttökuna þennan dag.</li> <li>Fjölmiðlaskýrsla Credit info. HS lagði fram tillögu um að kaupa fjölmiðlaskýrslu frá Credit info svo nýr framkvæmdastjóri geti haft samanburð varðandi fréttaskrif og aðra umfjöllun í fjölmiðlum. Samþykkt.</li> <li>Samkomulag um rannsókn á líðan viðbragðsaðila. Fært er til bókonar samþykkt stjórnar um þátttöku í tölvupósti og var formanni falið að skrifa undir samkomulag þess efnis.</li> <li>Heiðursmerki. LSB sendir gögn um heiðursveitingar þannig að hægt sé að lista upp ferlið.</li> <li>Læknis- og lögfræði ráðgjöf vegna krabbameinsrannsókna. SP upplýsir að ráðgjafi sé að vinna með krabbameinsnefndinni og hann þurfi að fá greitt fyrir sína vinnu. HS er falið að semja við viðkomandi.</li> </ol>	Allir SP  SP  HS  SP  SP SP  SP



	<p>7. Erindi frá verkefnastjóra Eldvarnarbandalagsins. Beiðni kom frá verkefnastjóra Eldvarnarbandalagsins um að fá LSS til að hýsa næsta aðalfund. LSS getur ekki orðið við þessari beiðni að þessu sinni vegna anna á skrifstofu og óskar verkefnastjóra góðs gengis í undirbúningnum.</p> <p>8. Drög að ferli vegna viðburða og útgáfu LSS. HS lagði fram til umræðu og upplýsingar drög að ferlum annars vegar vegna viðburða- og ráðstefnuhalds LSS og hins vegar útgáfu slökkviliðsmannsins. Ákvörðun um samþykkt ferlana tekin á næsta fundi stjórnar.</p> <p>9. Eldvarnareftirlitsmenn – hótanir. SP óskar eftir því að kallað verði eftir gögnum um hvort slökkviliðsmenn hafi fengið hótanir í starfi sem eldvarnareftirlitsmenn. Ef svo er, hvernig var brugðist við. HS var falið að senda erindi á slökkviliðsstjóra landsins. Formanni var jafnframt falið að útfæra tilkynningahnapp á heimasíðu LSS ferlið í kringum það og kynna stjórn þegar það er klárt.</p> <p>10. Heimsókn með heilbrigðisráðherra. SP upplýsti um að miðvikudaginn 14. febrúar nk. Færu formenn LSS og formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna á fund með heilbrigðisráðherra ásamt HS til að ræða málefni utanspítalþjónustu á Íslandi.</p> <p>11. Ályktun vegna sjúkraflutninga á Ólafsfirði. Fært til bókar að ályktun vegna sjúkraflutninga á Ólafsfirði vegna uppsagnar á sjúkraflutningamönnum sem send var út sl. Föstudag sé samþykkt.</p> <p>12. Eldvarnargetraun. Búið er að draga úr getrauninni og upplýsa vinningshafa.</p> <p>13. Munaðarnesi. Áþ gerði grein fyrir stöðu mála. Búið að laga lagnir fyrir utan lagnir í heita pottinn. Skipta þarf um parket og standsetja bústaðinn að nýju. Bústaður ætti að vera virkur innan mánaðar.</p> <p>14. Starfsmenntasjóður. Formaður sjóðsins mun óska eftir fundi með stjórn LSS ef breytingar verða gerðar á reglum sjóðsins.</p> <p>15. Starfsreglur stjórnar. Ábyrgð fréttatilkynninga. HS falið búa til ferli vegna fréttu og ályktana stjórnar og kynna á næsta fundi. HS fór yfir það munnlega tók við ábendingum.</p> <p>16. Umsögn um þingsályktunartillögu um óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús. Eftir umræðu var falið að leita eftir umsögn hjá fagdeild sjúkraflutninga. HS falið að svara erindinu í kjölfarið.</p> <p>17. Podcast. Er komið í ferli.</p> <p>18. Persónuvernd. Kanna hjá Persónuvernd með myndavélar í sjúkrabílum, mælaborð og aftur í og myndavél áföst við líkamann.</p> <p>19. Afmæli. Stjórn óskar Ásgeiri Þórisssyni vegna fimmtugsafmælis síns.</p>	<p>HS</p> <p>SP</p> <p>SP</p> <p>SP</p> <p>GH</p> <p>Áþ</p> <p>SP</p> <p>Áþ</p> <p>HS</p> <p>MSS</p> <p>SP</p> <p>SP HS</p> <p>Allir</p>
--	---	--

# Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna

National Union of Fire Fighters and EMT-Paramedics



	<p>Fleira ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 13:00</p> <p>Næsti fundur stjórnar er sama dag og fulltrúaráðsfundurinn. Fundargerð ritaði HS.</p>	
--	--	--